

**3385. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
10. október 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

2. 1906105 - Brunabótafélag - aðalfundarboð fulltrúaráðs

Fundargerð aðalfundar Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands frá 20. september 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

1. 1901119 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019

122. mál til umsagnar - frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmra uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta.

26. mál til umsagnar - frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (endurgreiðsla virðisaukaskatts), 26. mál.

22. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara.

101. mál til umsagnar - frumvarp til laga um skráningu einstaklinga.

16. mál til umsagnar - frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum (framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla).

237.mál til umsagnar - Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011

Lagt fram til kynningar.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að koma á framfæri athugasemdum
Akraneskaupstaðar vegna frumvarps um breytingu á lögum um tekjustofna
sveitarfélaga.*

3. 1904136 - Suðurgata 108 - verðmat, framkvæmdir, sala

Kynning á verðmati og greinargerð frá Gunnari Erni Sigurðssyni arkitekt.

ELA víkur af fundi og RBS tekur sæti á fundinum.

Bæjarfulltrúarnir VLJ og RBS samþykkja að undirbúið verði söluferli eignarinnar sem bundið verði tilteknum skilyrðum/kvöðum um endurbætur. Málið komi á ný fyrir bæjarráð áður en endanlega ákvörðun verður tekin. Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins til undirbúnings fyrir næsta reglulega fund ráðsins.

RÓ áréttar fyrri afstöðu sína um andstöðu við að húsið sé selt sbr. fund bæjarráðs nr. 3374 þann 16. maí síðastliðinn og er því á móti við atkvæðagreiðsluna nú.

4. 1909276 - Fjárhagsáætlun - viðauki

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi sínum þann 30. september 2019 fyrilliggjandi viðauka á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlum 2019 og vísar honum til bæjarráðs.

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 14 við fjárhagsáætlun ársins 2019 og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.

Viðaukinn felur í sér tilfærslur á milli verkefna en er án breytinga á heildarfjárhæð fjárfestinga í áætluninni.

5. 1905206 - Hleðslustöðvar á Akranesi - samstarf

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi sínum þann 30. september síðastliðinn reglur um styrki til hleðslustöðva fyrir rafbíla við fjöleignarhús og vísar þeim til afgreiðslu bæjarráðs.

Bæjarráð samþykkir reglur um styrki vegna hleðslustöðva og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.

RBS víkur af fundi og ELA tekur sæti á fundinum á ný.

6. 1908011 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur

Erindi íþróttabandalags Akraness um endurskoðun á 9. gr. rekstarsamnings milli ÍA og Akraneskaupstaðar.

Hörður Helgason fulltrúi stjórnar ÍA og Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasvið taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð þakkar fulltrúa ÍA fyrir komuna á fundinn og vísa erindinu til fjárhagsáætlunargerðar 2020.

Hörður Helgason og Valgerður Janusdóttir víkja af fundi.

7. 1909246 - Málefni HVE

Málefni Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi.

Jóhanna Fjóla Jóhannesdóttir forstjóri HVE og Þura Björk Hreinsdóttir hjúkrunarforstjóri HVE taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð þakkar Jóhönnu Fjólu forstjóra HVE og Þuru Björk hjúkrunarforstjóra HVE kærlega fyrir komuna á fundinn og veittar upplýsingar.

Jóhanna Fjóla og Þura Björk víkja af fundi.

8. 1909265 - Úttekt á Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar 2019

Drög að svari til Mannvirkjastofnunar vegna erindis stofnunarinnar frá 25. september síðastliðinn.

Bæjarráð samþykkir að svarið verði sent til Mannvirkjarstofnunar og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

9. 1909261 - Tré lífsins - Minningagarður

Erindi frá Tré lífsins um Minningargarð.

Bæjarráð þakkar erindið en getur því miður ekki orðið við því.

10. 1901099 - Bókasafn framtíðarinnar

Forstöðumaður menningar- og safnamála leggur fram tillögu um framtíðarsýn Bókasafns Akraness til ársins 2023.

Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála tekur sæti á fundinum undir þessum lið kl. 10:50

Bæjarráð samþykkir tillöguna en framvinda verkefnisins ræðst af fjárveitingum í fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar fyrir árið 2020. Bæjarráð felur forstöðumannni menningar- og safnamála að vinna verkefnið áfram.

11. 1908314 - Rekstur og umsjón Bíóhallarinnar - útboð

Tillaga menningar- og safnanefndar um rekstur og umsjón Bíóhallarinnar.

Ella María situr áfram undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir að gengið verði til samninga við Vini hallarinnar ehf. á forsendum útboðssins.

Tilboðsgjafi var sá eini sem sendi inn tilboð og tilboðið uppfyllir ákvæði útboðssgagnanna.

12. 1910008 - HEIMA-SKAGI tónlistarhátið

Erindi menningar- og safnanefndar um tónlistarhátiðina Heima-Skagi.

Ella María situr áfram á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð fagnar framtakinu og samþykkir að styrkja tónlistarhátiðina samtals að fjárhæð kr 450.000,- Kostnaðinum verður mætt af liðnum 20830-5948.

Bæjarráð bendir forsvarsmönnum hátiðarinna á að beina styrkbeiðni á árinu 2020 til Uppbyggingarsjóðs Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

13. 1908220 - Staða verkefna á Byggðasafninu í Görðum 2019 og 2020

Forstöðumaður menningar- og safnamála leggur fram minnisblað um nýja grunnsýningu Byggðasafnsins í Görðum.

Ella María situr áfram á fundinum undir þessum lið.

Lagt fram.

Bæjarráð þakkar Ellu Maríu Gunnarsdóttur fyrir greinargóðar upplýsingar og komuna á fundinn.

Ella María Gunnarsdóttir víkur af fundi.

14. 1908323 - Nafngift á fristundamiðstöðinni við Garðavöll

Tillögur íbúa um nafn á Fristundamiðstöðinni við Garðavöll.

Bæjarráð þakkar bæjarstjóra fyrir þá vinnu sem innt hefur verið af hendi vegna verkefnisins. Bæjarráð óskar eftir álti á framkomnum tillögum frá stjórn Golfklúbbsins Leynis og e.a. sjálfstæðum tillögum stjórnarinnar um nafngift á Fristundamiðstöðinni.

15. 1906053 - Fjárhagsáætlun 2020 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2021-2023

Vinna við fjárhagsáætlun 2020 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2021-2023.

Vinna við gerð fjárhagsáætlunar verður framhaldið á aukafundi bæjarráðs mánudaginn 21. október næstkomandi.

16. 1909209 - OR - uppskipting ON

Erindi til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur um uppskiptingi Orku náttúrunnar.

Bæjarráð samþykkir að veita heimild fyrir stofnun nýs dótturfyrirtækis sem taki við hluta af starfsemi Orku náttúrunnar (ON).

Breytingin er fyrst og fremst bókhaldsleg og hefur engin áhrif á viðskiptavini ON eða starfsfólk fyrirtækisins. Við uppskiptingu OR með lagaboði í ársbyrjun 2014 voru tekjur ON, sem sér um virkjanarekstur og raforkusölu á samkeppnismarkaði, að meirihluta í bandaríkjadölum. Í samræmi við árshlutalög var bandaríkjadalur starfrækslugjaldmiðill fyrirtækisins og gilti sú ákvörðun í fimm ár eða til ársloka 2018. Vegna lágs álverðs hefur sú breyting orðið á tímabilinu, að minnihluti tekna ON er nú í erlendri mynt og því mikilvægt að greina á milli erlendra og innlendra tekna í mismunandi félögum sem hafa þá tekjur og útgjöld í sömu mynt.

Bæjarráð vísar ákvörðuninni til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.

17. 1909268 - Karatefélög Akraness - málefni

Erindi Karatefélags Akraness um aðstöðu félagsins.

Bæjarráð þakkar erindið. Eðli máls samkvæmt er ekki unnt að lofa að þegar kemur til uppbryggingar á Jaðarsbökkum verði aðstaða þar fyrir allar greinar en haft verður m.a. samráð við ÍA við þá uppbryggingu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:15.

Éisa Ólafra Árnardóttir
Valgaður L. Þorðar

Son fray kriðna
Leina afbólfus